

**I EES-STOFNANIR****1. Sameiginlega EES-nefndin**

	Til lesenda .....	1
<b>2012/EES/34/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. ....	1
<b>2012/EES/34/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. ....	3
<b>2012/EES/34/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. ....	5
<b>2012/EES/34/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. ....	7
<b>2012/EES/34/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	8
<b>2012/EES/34/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	11
<b>2012/EES/34/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	13
<b>2012/EES/34/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	15
<b>2012/EES/34/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	17
<b>2012/EES/34/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	19
<b>2012/EES/34/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	21

<b>2012/EES/34/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	22
<b>2012/EES/34/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	24
<b>2012/EES/34/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	25
<b>2012/EES/34/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	26
<b>2012/EES/34/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn .....	27
<b>2012/EES/34/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn .....	28
<b>2012/EES/34/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á VI. viðauka (Félaglegt öryggi) við EES-samninginn .....	29
<b>2012/EES/34/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn .....	30
<b>2012/EES/34/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn .....	31
<b>2012/EES/34/21</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn .....	32
<b>2012/EES/34/22</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	33
<b>2012/EES/34/23</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	35
<b>2012/EES/34/24</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	36
<b>2012/EES/34/25</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	38
<b>2012/EES/34/26</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	39
<b>2012/EES/34/27</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	40
<b>2012/EES/34/28</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	43
<b>2012/EES/34/29</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn .....	44

<b>2012/EES/34/30</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. . . . .	45
<b>2012/EES/34/31</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. . . . .	46
<b>2012/EES/34/32</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2012 frá 10. febrúar 2012 um að setja á fót sameiginlegan starfshóp til að vakta framkvæmd ákvæða II. kafla a í bókun 10 við EES-samninginn um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflytninga og um að setja hópnum málsmeðferðarreglur . . . . .	48

## **II EFTA-STOFNANIR**

### **1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna**

### **2. Eftirlitsstofnun EFTA**

### **3. EFTA-dómstóllinn**

## **III EB-STOFNANIR**

### **1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2012 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2012

2012/EES/34/01

frá 10. febrúar 2012

### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2010 frá 15. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1505/2006 að því er varðar árlegar skýrslur aðildarríkjanna um niðurstöður úr eftirlitinu sem fram fór í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 189/2011 frá 25. febrúar 2011 um breytingu á VII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrórnunar <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka. Ákvörðun þessi tekur því ekki til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 56.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 34.

1. Eftirfarandi bætist við í 131. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006) í hluta 1.2:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 R 1033**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2010 frá 15. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:  
„– **32011 R 0189**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 189/2011 frá 25. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 56).“
3. Texti aðlögunarákvæðis H í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 hljóði svo:  
„Í staflíð d) í þætti B í kafla D í IX. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „eiga að fara til aðildarríkis sem talið er upp í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006,“:  
„eða eiga að fara til Noregs,““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1033/2010 og 189/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 2/2012****2012/EES/34/02****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 648/2011 frá 4. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar gildistímabil umbreytingarráðstafana varðandi skilyrðin fyrir því að undanþiggja tiltekin dýr brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/256/ESB frá 30. apríl 2010 um breytingu á ákvörðun 92/216/EBE að því er varðar birtingu skrárinnar yfir samræmingaryfirvöld fyrir keppnir dýra af hestaætt <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/433/ESB frá 5. ágúst 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/558/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 64/432/EBE um viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum, vegna viðskipta innan Bandalagsins með nautgripi <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/633/ESB frá 22. október 2010 um breytingu á ákvörðun 93/152/EBE um viðmiðanir fyrir bóluefni sem nota skal gegn Newcastle-veiki í tengslum við kerfisbundnar áætlanir um bólusetningu <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/111/ESB frá 18. febrúar 2011 um að heimila Frakklandi, samkvæmt tilskipun ráðsins 92/66/EBE, að flytja dagsgamla kjúklinga og unghænur, sem komnar eru að varpi, út fyrir verndarsvæðið sem komið var upp vegna uppkomu Newcastle-veiki í sýslunni Côtes d'Armor <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/378/ESB frá 27. júní 2011 um breytingu á A-hluta XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar landsbundnar rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru <sup>(7)</sup>.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Löggjöf um heilbrigði dýra skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 112, 5.5.2010, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 205, 6.8.2010, bls. 7.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 33.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 44.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 168, 28.6.2011, bls. 16.

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE) í hluta 2.2:  
„– **32010 D 0256**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/256/ESB frá 30. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 112, 5.5.2010, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1:  
„– **32011 D 0378**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/378/ESB frá 27. júní 2011 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2011, bls. 16).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007) í hluta 3.2:  
„– **32011 R 0648**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 648/2011 frá 4. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 18).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/838/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITTSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:  
„47. **32011 D 0111**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/111/ESB frá 18. febrúar 2011 um að heimila Frakklandi, samkvæmt tilskipun ráðsins 92/66/EBE, að flytja dagsgamla kjúklinga og unghænur, sem komnar eru að varpi, út fyrir verndarsvæðið sem komið var upp vegna uppkomu Newcastle-veiki í sýslunni Côtes d’Armor (Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 44).  
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
5. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/152/EBE) í hluta 4.2:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 D 0633**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/633/ESB frá 22. október 2010 (Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 33).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:  
„– **32010 D 0433**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/433/ESB frá 5. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 205, 6.8.2010, bls. 7).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 648/2011 og ákvarðana 2010/256/ESB, 2010/433/ESB, 2010/633/ESB, 2011/111/ESB og 2011/378/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 3/2012****2012/EES/34/03****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins, sem sett er til að draga úr algengi tiltekinnna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni Gallus gallus, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/322/ESB frá 27. maí 2011 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur, í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 517/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006 <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Löggjöf um heilbrigði dýra skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í annan undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:  
„– **32011 D 0322**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/322/ESB frá 27. maí 2011 (Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 41).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003) í hluta 7.1:  
„– **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“
3. Texti 28. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006) í hluta 7.2 falli brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4.



4. Eftirfarandi bætist við í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 200/2010) í hluta 7.2:
- „eins og henni var breytt með:
- **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 54. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011) í hluta 7.2:
- „55. **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins, sem sett er til að draga úr algengi tiltekinnna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus*, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 517/2011 og ákvörðunar 2011/322/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 4/2012****2012/EES/34/04****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB frá 23. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Löggjöf um heilbrigði plantna skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/468/ESB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„57 **32011 D 0180**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB frá 23. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2011, bls. 55).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/180/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 78, 24.3.2011, bls. 55.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 5/2012****2012/EES/34/05****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2011 frá 28. mars 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb, brómprópýlat, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, fômesafen, metabensþíasúrón, metíðaðþíón, símasín, tetradífón og trífórín í eða á tilteknum afurðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 460/2011 frá 12. maí 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórántranilípról (DPX E-2Y45) í eða á gullrótum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2011 frá 24. maí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, asetamípríð, sýpródíníl, dífenókónasól, dímetómorf, fenhexamíð, prókínasíð, próþíókónasól, pýraklostróbín, spírótetramat, þíaklópríð, þíametoxam og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2011 frá 25. maí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benalaxýl, boskalíð, búprófesín, karbófúran, karbósúlfan, sýpermetrín, flúópíkólíð, hexýþíasox, indoxakarb, metaflúmísón, metoxýfenósíð, parakvat, próklóras, spíródíklófen, próþíókónasól og soxamíð í eða á tilteknum afurðum <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2011 frá 26. maí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenýl, deltametrín, etófúmesat, ísópýrasam, própíkónasól, pýmetrósín, pýrimetaníl og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 559/2011 frá 7. júní 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kaptan, karbendasím, sýrómasín, etefón, fenamífos, þíófanatmetýl, tríasúlfúrón og trítíkónasól í eða á tilteknum afurðum <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2011 frá 10. ágúst 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetómorf, mandíprópamíð, metrafenón, níkótín og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum <sup>(9)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 86, 1.4.2011, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 124, 13.5.2011, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 137, 25.5.2011, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 140, 27.5.2011, bls. 2.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 142, 28.5.2011, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. ESB L 152, 11.6.2011, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 1.

- 10) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2011 frá 11. ágúst 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekínósýl, emamektínbensóat, etametsúlfúrónmetýl, flúbendíamíð, flúdíoxóníl, kresoxímmetýl, metoxýfenósíð, nóvalúrón, þíaklópríð og trifloxýstróbin í eða á tilteknum afurðum <sup>(10)</sup>.
- 11) Ákvörðun þessi varðar löggjöf fóður og matvæli. Löggjöf um fóður og matvæli skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „– **32011 R 0310**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2011 frá 28. mars 2011 (Stjtið. ESB L 86, 1.4.2011, bls. 1),
- **32011 R 0460**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 460/2011 frá 12. maí 2011 (Stjtið. ESB L 124, 13.5.2011, bls. 23),
- **32011 R 0508**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2011 frá 24. maí 2011 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2011, bls. 3),
- **32011 R 0520**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 140, 27.5.2011, bls. 2),
- **32011 R 0524**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2011 frá 26. maí 2011 (Stjtið. ESB L 142, 28.5.2011, bls. 1),
- **32011 R 0559**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 559/2011 frá 7. júní 2011 (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2011, bls. 1),
- **32011 R 0812**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2011 frá 10. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 1),
- **32011 R 0813**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2011 frá 11. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 23).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 R 0310**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2011 frá 28. mars 2011 (Stjtið. ESB L 86, 1.4.2011, bls. 1),
- **32011 R 0460**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 460/2011 frá 12. maí 2011 (Stjtið. ESB L 124, 13.5.2011, bls. 23),
- **32011 R 0508**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2011 frá 24. maí 2011 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2011, bls. 3),
- **32011 R 0520**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 140, 27.5.2011, bls. 2),
- **32011 R 0524**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2011 frá 26. maí 2011 (Stjtið. ESB L 142, 28.5.2011, bls. 1),
- **32011 R 0559**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 559/2011 frá 7. júní 2011 (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2011, bls. 1),
- **32011 R 0812**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2011 frá 10. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 1),
- **32011 R 0813**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2011 frá 11. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 23).“

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 23.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 310/2011, 460/2011, 508/2011, 520/2011, 524/2011, 559/2011, 812/2011 og 813/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 6/2012

2012/EES/34/06

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 um að skipta út I., III., IV., VI., VII., XI. og XV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 385/2009 frá 7. maí 2009 um að skipta út IX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(5)</sup>.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/46/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 70/156/EBE <sup>(6)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 78/2009 falla úr gildi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB <sup>(7)</sup> og 2005/66/EB <sup>(8)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 70/156/EBE), liðar 45zd (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB) og liðar 45zm (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 45zw (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/78/EB):  
„45zx. **32007 L 0046:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1), eins og henni var breytt með:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 74, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 118, 13.5.2009, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37.

- **32008 R 1060**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 (Stjtið. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1),
- **32009 R 0078**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1),
- **32009 R 0385**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 385/2009 frá 7. maí 2009 (Stjtið. ESB L 118, 13.5.2009, bls. 13).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í 1. undirkafla 1. málsgreinar VII. viðauka og í málsgrein 1.1 í viðbætinum:

„IS fyrir Ísland,

FL fyrir Liechtenstein,

16 fyrir Noreg.“

- b) Eftirfarandi bætist við töflunar í 47. lið EB-SAMRÆMISVOTTORÐS í IX. viðauka:

– Ísland: ...	– Liechtenstein: ...	– Noregur: ...
------------------	-------------------------	-------------------

- 45zy. **32009 R 0078**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið 1.1 í IV. viðauka:

„– IS fyrir Ísland,

– FL fyrir Liechtenstein,

– 16 fyrir Noreg.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1060/2008, 78/2009 og 385/2009 og tilskipunar 2007/46/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 7/2012

2012/EES/34/07

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009 frá 22. júlí 2009 um ítarlegar reglur um framkvæmd I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 16.
Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/130/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 23/2012****2012/EES/34/22****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011 frá 5. júlí 2011 um samþykkt reglna um starfsreglur í varanlegu samstarfi sem aðildarríkin komu á í samstarfi við framkvæmdastjórnina skv. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB <sup>(3)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2001 frá 28. september 2001 <sup>(4)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2001/14/EB falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 2830/77 <sup>(5)</sup> og nr. 2183/78 <sup>(6)</sup>, tilskipun ráðsins 95/19/EB <sup>(7)</sup>, ákvarðanir ráðsins 82/529/EBE <sup>(8)</sup> og 83/418/EBE <sup>(9)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Orðin „1. gr. ákvörðunar 83/418/EBE,“ og „2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2830/77, 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2183/78 og 2. gr. ákvörðunar 82/529/EBE“ í II. mgr. AÐLÖGUNARÁKVÆÐA VEGNA EINSTAKRA ATVINNUGREINA falli brott.
2. Texti 38. liðar (ákvörðun ráðsins 83/418/EBE), 40. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2830/77), 41. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2183/78), liðar 41a (tilskipun ráðsins 95/19/EB) og 42. liðar (ákvörðun ráðsins 82/529/EBE) falli brott.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 55c (brottfallinn):

„55ca. **32011 R 0651**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011 frá 5. júlí 2011 um samþykkt reglna um málsmeðferð varanlegs samstarfs sem aðildarríkin komu á í samstarfi við framkvæmdastjórnina skv. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB (Stjtið. ESB L 177, 6.7.2011, bls. 18).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 651/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 177, 6.7.2011, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 75, 15.3.2001, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 6.12.2001, bls. 29.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 334, 24.12.1977, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 258, 21.9.1978, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 143, 27.6.1995, bls. 75.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 234, 9.8.1982, bls. 5.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 237, 26.8.1983, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun 2009/18/EB<sup>(10)</sup> inn í samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(10)</sup> Stjóð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 24/2012****2012/EES/34/23****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 frá 1. mars 2011 um fyrirmynd að samræmisýfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautarvagns <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37de (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/155/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37df. **32011 R 0201**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 frá 1. mars 2011 um fyrirmynd að samræmisýfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautarvagns (Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 8).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 201/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 8.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 25/2012

2012/EES/34/24

frá 10. febrúar 2012

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2010 frá 3. desember 2009 um fyrirmyndir Bandalagsins að ökuskirteinum lestarstjóra, viðbótarskirteinum, staðfestum endurrítum af viðbótarskirteinum og umsóknareyðublaðum fyrir ökuskirteini lestarstjóra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 42ga (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/17/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42gb. **32010 R 0036**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2010 frá 3. desember 2009 um fyrirmyndir Bandalagsins að ökuskirteinum lestarstjóra, viðbótarskirteinum, staðfestum endurrítum af viðbótarskirteinum og umsóknareyðublaðum fyrir ökuskirteini lestarstjóra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB (Stjtið. ESB L 13, 19.1.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað hugtakanna „fyrirmynd Bandalagsins“ og „fyrirmynd Evrópubandalaganna“ í reglugerðinni og viðaukum hennar komi „fyrirmynd EES“ þegar ökuskirteini, viðbótarskirteini, staðfest endurrít af viðbótarskirteini eða umsóknareyðublað fyrir ökuskirteini lestarstjóra er gefið út af EFTA-ríki.
- b) Inngangsorðin í stafl. c) í 3. undirkafla I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin, hljóði svo:  
„auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið, prentað í svörtum lit og umlukt svartri sporöskju.“
- c) Eftirfarandi bætist við í stafl. c) í 3. undirkafla I. viðauka:  
„N: Noregur“
- d) Eftirfarandi bætist við í stafl. d) í 3. undirkafla I. viðauka:  
„Norska: FØRERBEVIS“
- e) Eftirfarandi bætist við í 6. undirkafla I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin:  
„Auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið skal prentað í samræmi við stafl. c) í 3. undirkafla þessa viðauka.“
- f) Í stað réthyrningsins með 12 stjörnum á viðbótarskirteini, endurríti viðbótarskirteinis og umsóknareyðublaði fyrir ökuskirteini lestarstjóra í 4. undirkafla II. viðauka, 4. undirkafla III. viðauka og 2. undirkafla IV. viðauka komi, að því er varðar EFTA-ríkin, auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið, prentað í svörtum lit og umlukt svartri sporöskju.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 13, 19.1.2010, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 36/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 26/2012****2012/EES/34/25****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0334**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2011 frá 7. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 334/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 12.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 27/2012**

2012/EES/34/26

frá 10. febrúar 2012

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66wh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009) í XIII. viðauka við samninginn:

„66wi. **32010 R 0255**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi á ekki að taka til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 255/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 28/2012

2012/EES/34/27

frá 10. febrúar 2012

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings, að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana um umhverfið, og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB með tilliti til þátttöku almennings og aðgangs að réttarkerfinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun (kerfisbundin útgáfa) <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/1/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 85/337/EBE):

„– **32003 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17).“

2. Texti liðar 1f (tilskipun ráðsins 96/61/EB) hljóði svo:

„**32008 L 0001**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8).

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við lög um aðild Slóvakíu frá 16. apríl 2003 (2. liður í undirkafla D í 9. kafla XIV viðauka) í tengslum við tilskipun 96/61/EB, að breyttu breytanda.

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við lög um aðild Búlgaríu og Rúmeníu frá 25. apríl 2005 eða, eftir atvikum, við aðildarbókun frá 25. apríl 2005 að því er varðar Búlgaríu (1. liður í undirkafla D í 10. kafla VI. viðauka) og Rúmeníu (1. liður í undirkafla D í 9. kafla VII. viðauka) í tengslum við tilskipun 96/61/EB, að breyttu breytanda.“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1jb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB):

„1k. **32003 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings, að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana um umhverfið, og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB með tilliti til þátttöku almennings og aðgangs að réttarkerfinu (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/35/EB og 2008/1/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila**  
**vegna ákvörðunar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012 um að fella inn í samninginn**  
**tilskipanir 2003/35/EB og 2008/1/EB**

„Upptaka tilskipana 2003/35/EB og 2008/1/EB í EES-samninginn hefur ekki áhrif á það álit að reglur einkamálaréttarfars falli ekki undir EES-samninginn.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 29/2012****2012/EES/34/28****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB frá 29. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/728/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 1fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0728**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB frá 29. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtíð. ESB L 313, 30.11.2010, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/728/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(4)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 313, 30.11.2010, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 65.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 40.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 30/2012****2012/EES/34/29****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 937/2011 frá 21. september 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 28f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 821/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„28g. **32011 R 0937**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 937/2011 frá 21. september 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtið. ESB L 245, 22.9.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 937/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 245, 22.9.2011, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 31/2012**

2012/EES/34/30

frá 10. febrúar 2012

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2011 frá 18. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum) <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0149**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2011 frá 18. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 149/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 48, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 54.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 32/2012

2012/EES/34/31

frá 10. febrúar 2012

## um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10fd. **32011 D 0030**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/30/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 48, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 8.3.2012, bls. 54.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila**

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 frá 10. febrúar 2012  
um að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB**

„Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 eru nokkrar greinar sem lúta að jafngildi að því er varðar þriðju lönd. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 33/2012****2012/EES/34/32****frá 10. febrúar 2012****um að setja á fót sameiginlegan starfshóp til að vakta framkvæmd ákvæða II. kafla a í bókun 10 við EES-samninginn um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflutninga og um að setja hópnum málsmeðferðarreglur**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 92. gr. og 3. mgr. 94. gr., og ákvæða 1. mgr. 9. gr. f í bókun 10 við EES-samninginn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 10 við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2009 frá 30. júní 2009 <sup>(1)</sup>, í því skyni að fella inn nýjan kafla, II. kafla a, um ráðstafanir á sviði öryggistengds tollefirlits.
- 2) Í 9. gr. b í bókun 10 er kveðið á um að í tvíhliða viðskiptum milli samningsaðila skuli fallið frá því að beita öryggistengdu tollefirliti, að því tilskildu að öryggi á yfirráðasvæðum þeirra sé jafngilt.
- 3) Í 9. gr. f er einnig kveðið á um að sameiginlega EES-nefndin skuli setja reglur sem geri samningsaðilum kleift að vakta framkvæmd ákvæða í II. kafla a þeirrar bókunar og ganga úr skugga um að farið sé að þeim ákvæðum og ákvæðum I. og II. viðauka við bókun þessa.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

1. Settur er á fót sameiginlegur starfshópur um öryggistengt tollefirlit, „samstarfshópurinn“ í því sem hér fer á eftir, til að tryggja vöktun á framkvæmd ákvæða um öryggistengt tollefirlit í II. kafla a í bókun 10 við EES-samninginn og til að ganga úr skugga um að farið sé að þeim ákvæðum og ákvæðum I. og II. viðauka við bókun þessa.
2. Starfshópurinn skal starfa í samræmi við starfsreglur sem eru tilgreindar í viðauka við ákvörðun þessa.
3. Starfshópurinn heyrir undir sameiginlegu undirnefnd I um fjárlast vöruflæði, eins og um getur í stafl. a) í 1. mgr. 15. gr. starfsreglna sameiginlegu EES-nefndarinnar <sup>(2)</sup>.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar (Stjtið. EB L 85, 30.3.1994, bls. 60, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 1, 30.3.1994, bls. 1).

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*VÍÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2012 frá 10. febrúar 2012

**STARFSREGLUR SAMEIGINLEGS STARFSHÓPS UM RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI ÖRYGGISTENGDS TOLLEFTIRLITS***1. gr.***Skipan**

Nefndina skipa fulltrúar Evrópusambandsins, fulltrúar EFTA-rikkjanna og fulltrúar aðildarríkja Evrópusambandsins.

*2. gr.***Verkefni**

1. Starfshópurinn metur hvort ráðstafanir á sviði öryggistengds tolleftirlits, sem skilgreindar eru í löggjöf samningsaðila, geti talist jafngildar. Einkum skal hann vakta framkvæmd ákvæða löggjafar varðandi fyrirframupplýsingar um innflutning og útflutning, öryggistengda tollskoðun og áhættustýringu og löggjöf um viðurkennda rekstraraðila. Hann skal einnig miðla upplýsingum um breytingar á viðkomandi löggjöf.
2. Starfshópurinn skal ræða nauðsynlegar tæknilegar breytingar á II. kafla a í bókun 10.
3. Starfshópurinn skal, að beiðni eins samningsaðila, kalla saman fund sérfræðingahóps til að ræða tiltekið mál. Starfshópurinn skal einnig endurskoða stjórnsýslumeðferð samningsaðila. Til þess að sinna slíkri endurskoðun getur starfshópurinn komið sér saman um að grípa til skyndiskoðana.
4. Starfshópurinn skal, að beiðni eins samningsaðila, taka til athugunar öll mál sem hann telur skipta máli við framkvæmd ráðstafana á sviði öryggistengds tolleftirlits sem skilgreindar eru í II. kafla a í bókun 10.

*3. gr.***Formennska**

Fulltrúi Evrópusambandsins og fulltrúi eins EFTA-rikkjanna, sem ákvæði II. kafla a í bókun 10 gilda um, skulu á sex mánaða fresti skiptast á um að stjórna fundum starfshópsins.

*4. gr.***Fundir**

1. Starfshópurinn skal funda reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
2. Fundir skulu haldnir í Brussel eða á þeim stað sem formaður starfshópsins ákveður.
3. Formaður skal kalla saman fund starfshópsins. Fundarboði skal komið til viðtakenda sem um getur í 1. gr. eigi síðar en tíu virkum dögum fyrir fund. Þegar mikið liggur við má boða til fundar með skemmri fyrirvara.
4. Vinnutungumál starfshópsins er enska.
5. Fundir skulu ekki vera opinberir nema um annað sé samið.

*5. gr.***Dagskrá**

1. Formaður skal semja drög að dagskrá fyrir hvern fund. Dagskrárdrögum skal komið til viðtakenda sem um getur í 1. gr. eigi síðar tíu virkum dögum fyrir fund.
2. Samningsaðilar geta óskað eftir við formann að lið verði bætt við dagskrá fundar, annaðhvort skriflega eða áður en dagskrá er samþykkt á fundardegi.

*6. gr.***Fundargerðir**

1. Formaður skal láta semja fundargerð hvers fundar starfshópsins. Í fundargerð skal tilgreina fyrir hvern lið hvaða tilmæli voru sett fram og/eða að hvaða niðurstöðum starfshópurinn komst.
2. Samningsaðilar skulu skiptast á fundargerðum og samþykka þær eigi síðar en 20 dögum eftir að fundur er haldinn.

*7. gr.***Útgjöld**

Fulltrúar samningsaðila og sérfræðingar tollyfirvalda aðildarríkja Evrópusambandsins skulu standa straum af öllum útgjöldum í tengslum við þátttöku í fundum starfshópsins.